

# Greingagerð vegna umsókn um framkvæmdarleyfis í Viðlagafjöru

Mál nr. 202301027

## Inngangur

Icelandic Land Farmed Salmon ehf. óskar eftir að hefja undirbúning fyrir framkvæmdir í viðlaga fjöru. Inní undirbúning fellur:

- Flutningur á bögglabergi af lóðinni
- Undirfyllingar
- Sjóborholur

## Flutningur á bögglabergi af lóðinni

Í kafla 2.2.6 í deiliskipulagi fyrir svæðið kemur fram:

*Við framkvæmdir skal huga að nýtingu jarðefna og ekki skal raska meira landi í hverjum byggingaráfanga en fyrirhugað er að nýta í viðkomandi áfanga undir byggingar og athafnasvæði. Bögglaberg og annað steinefni skal fjarlæggt samkvæmt efnisvinnsluáætlun og efni sem til fellur úr skeringum skal haugsett á lóð 2 sbr. efnisvinnsluáætlun fyrir þá lóð.*

Í samræmi við það óskar ILFS um að hefa flutninga á þessu efni. Óvíst er hve mikið af bögglabergi er á svæðinu en ILFS skal vinna í samvinnu við starfsmenn Vestmannaeyjabæjar í ákvörðunar hve djúpt skal grafa niður í efnið til að fjarlægja af svæðinu. Bögglaberg verður losað af lóð niður á 1 m undir hæðarkvóta lóðar sem er miðaður við 6 m.y.s. Sé enn að finna bögglaberg í þeirri hæð verður bögglaberg unnið þar til 125.000 m<sup>3</sup> hafa verið losaðir (sbr. umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila). Ef enn er bögglaberg innan lóðarinnar verður losun bögglabergs á svæðinu endurmetin. Losunarsvæði má sjá í fylgiskjali „Jarðvinna-Yfirlit“. Um það bil 30.000 rúmmetrar verða settir á losunarsvæði B, það efni er hugsað til notkunar í burðarfyllingar innan lóðar. Annað efni skal flytja á losunarsvæði C. Losunarsvæði A skal notað til bráðarbirgðargeymslu efni annað en bögglabergs. Tryggja skal að efni A trufli ekki aðkomu að öðrum lóðum á svæðinu.

## Undirfyllingar

ILFS sækir einnig um leyfi til að hefja undirfyllingar. Efni í undirfyllingar er það efni sem er innan lóðar og í skeringum annað en bögglaberg. Gert er ráð fyrir að það séu um 70.000 rúmmetrar. Til viðbótar verða sóttir 70.000 rúmmetrar við athafnarsvæði AT-2 þar sem lækka á vegstæði. Sjá nánar á mynd neðst í skjali. Græna línan sýnir hvar vegurinn mun liggja og bláu línurnar svæði sem væri hægt að grafa í kringum. Fjólubláu línurnar sýna manir og hæðir sem á að skilja eftir.

Undirfylling skal ná 5 m.y.s. og er jöfn yfir allt svæðið. Ekki er sótt um leyfi til að hefja vinnu við burðarlag lóðarinnar í þessari umsókn.

## Sjóborholur

Í kafla 2.2.11 kemur fram:

*Svæði fyrir borholur eru beggja megin við eldiskerin. Staðsetning holanna á uppdrætti er leiðbeinandi og er ekki bundin við byggingareiti. Ofan á borholunum getur verið tilheyrandi tækjabúnaður, s.s. dælur og lokar. Gert er ráð fyrir að lagnir tengi borholur og ker, ýmist ofan jarðar eða neðan.*

ILFS sækir um að hefja borun á 28 sjóborholum á svæðinu. Gert er ráð fyrir að borun þeirra verði unnin samhliða framkvæmdum og að jafnaði verði ein borhola boruð fyrir hvert eldisker. Ýmist skal borað niður í svokallað efra lag sem er á 25-40 metra dýpi og niður í neðra lag sem er á 90-110 metra dýpi.

